

Melaskóli
Samsöngur 3. október 2025
Eldri nemendur



Melaskóli

Gunnar Gunnarsson/Ólafur Jóhannsson

Í Melaskóla' er margt að gera,
svo mikið jafnan um að vera
því hér er bæði gagn og gaman
og gott að koma hérna saman.

Í skóla vinir öll við erum,
þar okkar besta jafnan gerum,
og öðru fólki virðing veitum
en visku, færni'og þroska leitum.

*Melaskóli, skólinn kæri,
í skjóli þínu mest ég læri.
Fyrsti, annar, þriðji, fjórði,
fimmti, sjötti, sjöundi bekkur
hvert ár með þér ómissandi hlekkur
í einstakri keðju, sérstakt tækifæri.*

Við þurfum fyrst að læra' að lifa
svo lærum við að reikna' og skrifa
en líka sérhvert líf að virða,
um landið okkar vel að hirða.

En tíminn alltaf áfram líður
því aldrei situr hann og bíður.
Loks taka bernskuárin enda,
samt enn við munum kveðju senda:

*Melaskóli, skólinn kæri,
í skjóli þínu mest ég læri.
Fyrsti, annar, þriðji, fjórði,
fimmti, sjötti, sjöundi bekkur
hvert ár með þér ómissandi hlekkur
í einstakri keðju, sérstakt tækifæri.*

Afmælissöngur

Hann á afmæli í dag,
syngjum hátíðarbrag.
Lengi lifi Melaskóli,
hann er 79 ára í dag.



Á íslensku má alltaf finna svar

Atli Heimir Sveinsson/Þórarinn Eldjárn

Á íslensku má alltaf finna svar
og orða stórt og smátt sem er og var,
og hún á orð sem geyma gleði'og sorg,
um gamalt líf og nýtt í sveit og borg.

Á vörum okkar verður tungan þjál,
þar vex og grær og dafnar okkar mál.
Að gæta hennar gildir hér og nú,
það gerir enginn – nema ég og þú.



Melaskóli
Samsöngur 3. október 2025
Eldri nemendur



Gleðisöngurinn

L.W. Beethoven/Bragi Valdimar Skúlason

Gleðiríka söngva syngjum
sendum veröld hlýjan straum.
Opinn huga aldrei þyngjum
eltum sérhvern vonardraum.
„Eins og fyrir óskagaldur
einum rómi flytjum lag.
Meðan gleði endist aldur
öll við syngjum, nótt sem dag.”

Geislabjartir gleðihljómar
glæða neista, veita yl.
Ætíð þeirra logi ljómar
lýsir hjartans undirspil.
„Fyrir töfra tengja aftur
tímans strengi, reisa brýr.
Einhverskonar æðri kraftur
öllum vindum burtu snýr.”

Sjómannavalsinn

Svavar Benediktsson / Kristján frá Djúpalæk

Það gefur á bátinn við Grænland
og gustar um sigluna kalt,
en togarasjómanni tamast það er
að tala sem minnst um það allt.
En fugli, sem flýgur í austur,
er fylgt yfir hafið með þrá.
Og vestfirskur jökull, sem heilsar við
Horn
í hilling með sólroðna brá,

segir velkominn heim, segir velkominn
heim,
þau verma hin þögulu orð.
Sértu velkominn heim, yfir hafið og
heim.
Þá er hlegið við störfín um borð.

En geigpungt er brimið við Grænland
og gista það kys ekki neinn.
Hvern varðar um draum þess og vonir
og þrár,
sem vakir þar hljóður og einn?
En handan við kólguna kalda
býr kona, sem fagnar í nótt
og raular við bláeygan, sofandi son,
og systur hans, þaggandi hljótt:
Sértu velkominn heim, sértu velkominn
heim.
Að vestan er siglt gegnum ís.
Sértu velkominn heim, yfir hafið og
heim.
Og Hornbjarg úr djúpinu rís.



Melaskóli
Samsöngur 3. október 2025
Eldri nemendur



Stál og hnífur

Bubbi Morthens

Þegar ég vaknaði um morguninn
er þú komst inn til mín.
Hörund þitt eins og silki
andlitið eins og postulín.

Við bryggjuna bátur vaggar hljótt,
í nótt mun ég deyja.
Mig dreymdi dauðinn segði komdu fljótt
það er svo margt sem ég ætla þér að
segja.

Ef ég drukkna, drukkna í nótt,
ef þeir mig finna.
Þú getur komið og mig sótt
en þá vil ég á það minna.

∴ Stál og hnífur er merki mitt
merki farandverkamanna.
Þitt var mitt og mitt var þitt
meðan ég bjó á meðal manna. ∴

Reyndu aftur

Magnús Eiríksson

Þú reyndir allt, til þess að ræða við mig
í gegnum tíðina, ég hlustaði ekki á þig.
Ég gekk áfram minn veg, niður til heljar
hérumbil.

Reyndu aftur, ég bæði sé og veit og skil.

Nú hvert sem er skal ég fylgja þér,
yfir Esjuna til tunglsins trúðu mér.
Ég gekk minn breiða veg, niður til heljar
hérumbil.

Reyndu aftur, ég bæði sé og veit og skil.

Nú hvert sem er skal ég fylgja þér,
yfir Esjuna til tunglsins trúðu mér.
Ég gekk minn breiða veg, niður til heljar
hérumbil.

Reyndu aftur, ég bæði sé og veit,
reyndu aftur, ég bæði sé og veit,
reyndu aftur, ég bæði sé og veit og skil.

